

BORGARRÁÐ 21. september 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ákvarðanir og bókanir vegna flóttafólks – MSS220360124

Fram kom í fjölmiðlum í gær, 20. september, að borgarfulltrúinn Magnús Davíð Norðdal, formaður mannréttinda og ofbeldisvarnarráðs og nefndarmaður í velferðarráði geti í engu um hagsmuni sína vegna málefna flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í hagsmunaskráningu borgarfulltrúa. Hefur borgarfulltrúinn komið að úthlutun fjármuna til verkefna sem tengjast fólki í fyrrnefndri stöðu í þeim ráðum sem hann situr? Ef svo þá hve oft og hve háar fjárhæðir er um að ræða. Einnig er óskað yfirlits yfir þegar borgarfulltrúinn hefur ályktað eða bókað um málefni flóttafólks eða umsækjenda um alþjóðlega vernd í mannréttinda og ofbeldisvarnarráði og velferðarráði.